

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 — 1979

Nr. 366.

712

14. september 1979.

AUGLÝSING

um niðurfellingu tolla af ýmsum efnivörum til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar.

1. gr.

Ráðuneytið hefur ákveðið að fella niður tolla af efnivörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

Tollskr.nr.	Vörulýsing
04.06.00	Hunang.
08.05.10	Möndlur.
08.05.20	Heslihnatur, hnetukjarnar.
úr 08.13.00	Börkur af sitrusávöxtum.
09.04.00	Pipar og allrahanda.
09.05.00	Vanilla.
úr 09.06.00	Kanill.
09.07.00	Negull.
úr 09.08.00	Múskat.
úr 09.09.00	Kúmen.
09.10.10	Engifer.
11.08.02	Kartöflusterkja.
úr 11.08.09	Önnur sterkja.
15.07.70	Kókósolia.
úr 15.07.90	Blönduð jurtaolia.
15.12.03	Oliur úr jurtaríkinu, ót. a.
17.02.03	Síróp.
úr 19.02.09	Blöndur úr mjöli, sterkju, maltextrakti og fleiri efnum.
úr 19.05.00	„Corn puffs“, „puffed rice“ og „puffed wheat“.
úr 20.04.00	Ávaxtahýði.
úr 20.05.09	Gráfíkjju- og döðlumassi.
20.06.10	Brenndar hnetur, þ. m. t. jarðhnetur.
úr 20.06.20	Gráfíkjju- og döðlumassi.
úr 21.06.01	Pressuger.
21.06.02	Bökunarduft, tilreitt.
úr 21.07.19	Íblöndunarefni í brauð- og kökugerðarefni, („Bakery additives“, „dough developers“ o. fl.) einkum samsett úr neyslshæfum olíum eða feiti úr dýra- eða jurtaríkinu, eða blöndum af emulgatorum og feiti (mono- di- eða triglyceríðum og t. d. mjólkurdufti, eggjadufti, möluðum hnetum, hunangi, sykri, tilbúnum bætiefnum, lesitíni, salti, litarefnum, vatni o. s. frv. Tilreidd plöntueggjahvíta (Hyfoama).
úr 35.03.09	Matarlim (gelatin).

2. gr.

Niðurfelling tolla skv. 1. gr. er bundin eftirfarandi skilyrðum:

- a) Vörurnar séu í 10 kg umbúðum og stærri, þó ekki tilgreindar vörur úr toll-skránum 19.05.00.
- b) Innflytjandi leggi stund á brauð-, kex- og/eða sælgætisgerð eftir atvikum og lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu hverju sinni, að hin innflutta vara verði eingöngu notuð sem efnivara til brauð-, kex- og/eða sælgætisgerðar eftir því sem við á

eða

innflytjandi lýsi því yfir á aðflutningsskýrslu, að varan verði eingöngu notuð sem efnivara til þeirrar framleiðslu sem um getur hér að ofan og framvísí jafnframt yfirlýsingu frá framleiðanda (framleiðendum) slíkrar vöru um að viðkomandi vörusending sé keypt fyrir hans atbeina eða verði keypt af honum til nefndrar framleiðslu eingöngu.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 12. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976, um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin auglýsing nr. 1 5. janúar 1976.

Fjármálaráðuneytið, 14. september 1979.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

G J A L D S K R Á

yfir efnarannsóknir og aðra þjónustu, sem Rannsóknastofnun
landbúnaðarins annast.

1. gr.

Gjöld fyrir almennar efnarannsóknir, sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins annast, skulu vera sem hér segir:

Fóðurefnagreiningar:

Vatn	kr. 500.00
Vatn í votheyi (Tolueneyming)	— 3 000.00
Meltanleiki in vitro	— 1 500.00
Protein (Kjeldhal)	— 2 500.00
Meltanlegt prótein	— 3 000.00
Tréni	— 2 500.00
Van Soest aðferð (Cellulósi, Hemicellulósi, lignin)	— 5 000.00
Þíta (eter extract)	— 2 000.00
Vatnsleysanlegur sykur	— 2 500.00
Aska	— 1 000.00
Brennisteinn	— 3 000.00
Kalsíum	— 2 000.00
Fosfór	— 2 000.00
Magnesium	— 2 000.00